

Lög Parkinsonfélags Akureyrar og nágrennis 2017
(Samþykkt á aðalfundi 2017- með breytingum á aðalfundi 2017)

1. grein

Nafn félagsins er Parkinsonfélag Akureyrar og nágrennis, skammstafað PAN. Heimili þess og varnarþing er á Akureyri.

2. grein

Tilgangur félagsins er að

- a) sinna hagsmunum félagsmanna og vera málsvari þeirra, sem greindir eru með Parkinson á svæðinu
 - b) sinna fræðslu og félagsstarfi fyrir þá, sem greindir eru með Parkinson og aðstandendur þeirra.
- Félagið er sjálfstætt en skilgreint sem deild í Parkinsonsamtökunum á Íslandi, í samræmi við lög þeirra.

3. grein

Félagar í PAN geta verið einstaklingar sem greindir hafa verið með Parkinson, aðstandendur og aðrir sem áhuga hafa á málefninu.

4. grein

Stjórn félagsins skipa 5 menn og tveir til vara, formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og meðstjórnandi. Formaður skal kosinn á hverjum aðalfundi og tveir stjórnarmenn til tveggja ára í senn. Varamenn skulu kosnir til eins árs. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum. Einnig skal kjósa tvo skoðunarmenn reikninga til tveggja ára og skal kosið um annan þeirra á hverjum aðalfundi.

5. grein

Reikningsár félagsins er almanaksárið. Meirihluti stjórnar getur skuldbundið félagið fjárhagslega á grundvelli bókaðra samþykktá á stjórnarfundi eða aðalfundi.

6. grein

Aðalfundur fer með æðsta vald í málefnum félagsins. Aðalfundur skal halda fyrir lok apríl ár hvert og skal til hans boðað með minnst 14 daga fyrirvara annað hvort með bréfi eða með rafrænum hætti.

7. grein

Á aðalfundi hefur hver skuldlaus félagsmaður 1 atkvæði. Á dagskrá aðalfundar skal vera:

- a. kosning fundarstjóra og fundarritara
- b. skýrsla stjórnar um starf félagsins á liðnu ári
- c. endurskoðaðir reikningar næstliðins árs
- d. lagabreytingar
- e. kosning formanns, tveggja stjórnarmanna og varamanns
- f. kjör skoðunarmanna reikninga
- g. önnur mál.

Árgjald er það sama og í Parkinsonsamtökunum á Íslandi og ákveðið á aðalfundi samtakanna.

8. grein

Boða skal til aukaaðalfundar ef formaður, meirihluti stjórnar eða a.m.k. fimmtungur félagsmanna krefst þess og leggur fram tillögu að dagskrá.

9. grein

Lögum félagsins getur aðalfundur breytt svo og samþykkt að leggja félagði niður ef eigi færri en fimmtungur félagsmanna sækir fundinn. Sé tillaga um að leggja félagði niður samþykkt tekur hún ekki gildi nema hljóti staðfestingu á aukaaðalfundi.

Samhliða slíkri tillögu og samþykkt skulu fylgja ákvarðanir um hvernig fara beri með eignir og skuldir. Ráðstöfun eigna skal vera í samræmi við tilgang félagsins.

10. grein Lög þessi gilda frá aðalfundi PAN 2017.
